

26. október 2023 - Fréttatilkynning

## Sjóvá – Árshlutauppgjör vegna 3. ársfjórðungs 2023

2.304 m.kr. hagnaður og samsett hlutfall 95,9% á fyrstu níu mánuðum ársins

### Þriðji ársfjórðungur 2023

- Hagnaður af váttryggingasamningum fyrir skatta 578 m.kr. (3F 2022: 347 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 1.318 m.kr. (Tap 3F 2022: 84 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 1.738 m.kr. (3F 2022: 231 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingaæigna í stýringu 3,0% (3F 2022: 0,1%)
- Samsett hlutfall 92,9% (3F 2022: 95,3%)

### Fyrstu níu mánuðir ársins 2023 og horfur

- Hagnaður af váttryggingasamningum fyrir skatta 946 m.kr. (9M 2022: 799 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 1.715 m.kr. (9M 2022: 535 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 2.304 m.kr. (9M 2022: 1.167 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingaæigna í stýringu 4,4% (9M 2022: 1,4%)
- Samsett hlutfall 95,9% (9M 2022: 96,1%)
- Horfur fyrir árið 2023 gera ráð fyrir að afkoma af váttryggingasamningum verði um 1.000-1.300 m.kr. og samsett hlutfall 96-97%
- Horfur til næstu 12 mánaða gera ráð fyrir að afkoma af váttryggingasamningum verði um 1.100-1.600 m.kr. og samsett hlutfall 95-97%

### Hermann Björnsson, forstjóri:

Hagnaður Sjóvár á þriðja ársfjórðungi nam 1.738 m.kr. og var samsett hlutfall 92,9%. Grunnrekstur félagsins skilar virkilega sterkri niðurstöðu í krefjandi umhverfi en hagnaður af váttryggingasamningum fyrir skatta á fjórðungnum nam 578 m.kr. Tekjur af váttryggingasamningum jukust um 9,5% miðað við sama fjórðung í fyrra og var vöxturinn bæði á fyrirtækja – og einstaklingsmarkaði. Góður vöxtur skýrist af miklum metnaði í þjónustu, þéttriðnu útibúaneti ásamt góðum stafrænum lausnum sem efla okkar þjónustustig enn frekar. Þegar talað er um krefjandi umhverfi þá má benda á fjölgun brunatjóna undanfarin misseri sem er áhyggjuefni og kallar á enn frekari greiningu tilvika og eftir atvikum skýrari aðgerðir til forvarna.

Afkoma af fjárfestingastarfsemi fyrir fjármagnsliði og skatta nam 1.504 m.kr. á þriðja ársfjórðungi og skýrist að mestu leyti af söluhagnaði af eignarhlut Sjóvár í Kerecis sem nam 1.260 m.kr. Markaðir hafa verið erfiðir það sem af er ári og var ekki lát á því á fjórðungnum, þar sem bæði hlutabréf og skuldabréf lækkuðu almennt í verði. Ávöxtun fjárfestingaeigna nam 3,0% á fjórðungnum og skiluðu allir eignaflokkar, að undanskildum skráðum hlutabréfum, jákvæðri afkomu. Ávöxtun skuldabréfa með ríkisábyrgð var 0,6%, annarra skuldabréfa 1,2% en skráðra hlutabréfa -1,3% á fjórðungnum.

Hagnaður Sjóvár á fyrstu níu mánuðum ársins nam 2.304 m.kr. og var samsett hlutfall 95,9%. Þar af nam hagnaður af váttryggingasamningum fyrir skatta 946 m.kr. og jókst um 18,5% á milli ára. Hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir fjármagnsliði og skatta nam 2.131 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins.

Nýtt björgunarskip Landsbjargar, Jóhannes Briem, var afhent í mánuðinum við hátíðlega athöfn í Reykjavík. Sjóvá styrkti Landsbjörg um 142,5 milljónir til kaupa á þremur skipum sem hafa nú öll verið tekin í notkun. Það er okkur mikil ánægja að styðja við þetta brýna verkefni sem tryggir stóraukið öryggi, bæði á sjó og landi.

Horfur okkar fyrir afkomu þessa árs og til næstu 12 mánaða eru óbreyttar, þ.e. að samsett hlutfall ársins 2023 verði 96-97% og afkoma af váttryggingasamningum verði 1.000 – 1.300 m.kr. Horfur til næstu 12 mánaða gera ráð fyrir að samsett hlutfall verði 95-97% og afkoma af váttryggingasamningum verði 1.100 – 1.600 m.kr.

## Kynningarfundur 26. október kl. 16:15

Markaðsaðilum og fjárfestum er boðið á kynningarfund í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð þann 26. október kl. 16:15. Þar munu Hermann Björnsson forstjóri, Sigríður Vala Halldórsdóttir framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni og Þórður Pálsson forstöðumaður fjárfestinga kynna uppgjorið og fara yfir afkomu félagsins. Kynningunni verður jafnframt streymt á slóðinni

<https://www.sjova.is/um-okkur/fjarfestar/afkomukynning-3f-2023/>

Vilji aðilar bera upp spurningar má senda þær á netfangið [fjarfestar@sjova.is](mailto:fjarfestar@sjova.is) fyrir fundinn eða á meðan á fundi stendur og verður þeim svarað í lok kynningarinnar.

Uppgjörsefni verður aðgengilegt á vef Sjóvár [www.sjova.is/fjarfestar](http://www.sjova.is/fjarfestar) frá þeim tíma er kynningin hefst og verður upptaka af fundinum aðgengileg á sömu síðu að fundi loknum.

### Fjárhagsdagatal

Ársuppgjör 2023.....	<b>8. febrúar 2024</b>
Aðalfundur 2024.....	<b>7. mars 2024</b>

### Nánari upplýsingar

Meðfylgjandi er fréttatilkynning, samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar og fjárfestakynning Sjóvá-Almennra trygginga hf. vegna þriðja ársfjórðungs 2023.

Nánari upplýsingar veitir Davíð Scheving Thorsteinsson í síma 869-8109 eða [fjarfestar@sjova.is](mailto:fjarfestar@sjova.is).

## Helstu niðurstöður og lykiltölur

	3F 2023	3F 2022*	%	9M 2023	9M 2022*	%
Tekjur af váttryggingasamningum	8.149.925	7.442.949	9,5%	23.255.774	20.552.054	13,2%
Tjón tímabilsins	(5.883.836)	(5.772.272)	1,9%	(17.846.588)	(15.232.096)	17,2%
Rekstrarkostnaður af váttryggingasamningum	(1.377.281)	(1.332.265)	3,4%	(4.490.868)	(4.225.299)	6,3%
Afkoma af endurtryggingasamningum	(310.662)	8.971	-	27.859	(296.150)	-
<b>Afkoma af váttryggingasamningum</b>	<b>578.146</b>	<b>347.383</b>	<b>66,4%</b>	<b>946.177</b>	<b>798.509</b>	<b>18,5%</b>
Hreinar fjármunatekjur	189.331	15.672	-	838.633	450.917	86,0%
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	1.381.442	34.280	-	1.511.785	168.316	-
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	(67.012)	(68.472)	-2,1%	(219.705)	(213.348)	3,0%
<b>Afkoma fjárfestinga</b>	<b>1.503.761</b>	<b>(18.520)</b>	<b>-</b>	<b>2.130.713</b>	<b>405.884</b>	<b>-</b>
Fjármagnsliðir váttryggingasamninga	(185.267)	(65.712)	-	(416.143)	129.490	-
<b>Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði</b>	<b>1.318.495</b>	<b>(84.232)</b>	<b>-</b>	<b>1.714.570</b>	<b>535.375</b>	<b>-</b>
<b>Afkoma af váttryggingasamningum og fjárfestingum</b>	<b>1.896.641</b>	<b>263.151</b>	<b>-</b>	<b>2.660.746</b>	<b>1.333.884</b>	<b>99,5%</b>
Aðrar tekjur	40.724	32.990	23,4%	116.004	104.948	10,5%
Annar rekstrarkostnaður	(9.687)	(10.338)	-6,3%	(34.196)	(35.329)	-3,2%
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>1.927.678</b>	<b>285.802</b>	<b>-</b>	<b>2.742.555</b>	<b>1.403.504</b>	<b>95,4%</b>
Tekjuskattur	(189.976)	(54.315)	-	(438.500)	(236.096)	85,7%
<b>Heildarhagnaður tímabilsins</b>	<b>1.737.702</b>	<b>231.487</b>	<b>-</b>	<b>2.304.055</b>	<b>1.167.407</b>	<b>97,4%</b>
<b>Helstu kennitölur</b>	<b>3F 2023</b>	<b>3F 2022*</b>		<b>9M 2023</b>	<b>9M 2022*</b>	
Tjónahlutfall	72,2%	77,6%		76,7%	74,1%	
Endurtryggingahlutfall	3,8%	(0,1%)		(0,1%)	1,4%	
Kostnaðarhlutfall	16,9%	17,9%		19,3%	20,6%	
Samsett hlutfall	92,9%	95,3%		95,9%	96,1%	
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundvelli	36,3%	5,2%		17,2%	8,5%	
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundvelli	32,8%	4,2%		14,5%	7,1%	
Eiginfjárhlutfall	32,0%	33,1%		32,0%	33,1%	
Gjaldþolshlutfall	1,52	1,54		1,52	1,54	
Lágmarksfjármagnshlutfall	3,36	3,66		3,36	3,66	
<b>Helstu liðir úr efnahagsreikningi</b>				<b>30.9.2023</b>	<b>31.12.2022*</b>	
Verðbréf				51.541.305	51.254.266	
Endurtryggingaeignir				1.690.712	1.037.824	
Eignir samtals				65.906.946	61.682.825	
Skuldbinding vegna váttryggingasamninga				36.286.282	32.058.840	
Eigið fé samtals				21.114.180	21.332.043	

## Fjárhæðir eru í þúsundum króna

\* Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við innleiðingu nýrra reikningskilastaðla

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar 30. september 2023 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 26. október 2023. Árs Slutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.